



# PÉSI

**ATH!!**Næsti Pési kemur út í **okt.**Efni þarf að berast í síðasta lagi **1. okt .2019**



## Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafnið er áskrifandi að til dæmis tímaritinu Eiðfaxa, Hús & híbýli, Gestgjafanum, Vikunni, Syrpunni og Rauðu seríunni svo það er alltaf eitthvað nýtt. Eins eru alltaf einhverjar nýjar og spennandi bækur á safninu til að lesa eða til að fletta og skoða.

### Bókasafnið er opið:

Mánudaga kl. 19-20  
Þriðjudaga kl. 16-18  
Miðvikudaga kl. 16-18  
Fimmtudaga kl. 11-13

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook

## LESTUR ER BESTUR

Á ÞÍNU SAFNI  
Bókasafnsdagurinn  
9. september 2019



Munið að skila safngögnum,  
skilalúgan er alltaf opin ☺



## Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

### **Tækjasalur í Íþróttahúsi.**

Mánudaga til fimmtudaga: 16:00-21:30

Föstudaga: 13:00-18:00



## Sveitarstjórapistill

September er runninn upp og ef maður rifjar upp sömu stöðu í fyrra þá er meiri þurrkur í munnni en fyrir ári síðan. Nú er staðan sú að maður fagnar hverri skúr og bleytukafli í staðinn fyrir að bölvva, oftast í hljóði, „blessaðri“ rigningunni. Það verður síðan rannsóknarefni hvernig vatnsbúskapurinn bregst við þessu öllu saman en sumarið er áminning um það að auðlindir og stýring þeirra er verkefni framtíðarinnar.

Uppskeruhátíðin eða „matarkistan Hrunamannahreppur“ var haldin þann 31. ágúst og venju samkvæmt var hún vel heppnuð og vel sótt. Við þurfum samt að huga að því í sameiningu að skoða hvort þurfi ekki að festa ákveðinn dag fyrir hátíðina þannig að það verði ekki misskilningur með dagsetningar. Hins vegar er ég enn og aftur mjög ánægður með þessa útfærslu og víst er að miðað við umræðu samtímans þurfa matvælaframleiðendur að halda vel á spöðunum til að bregðast við breyttum neysluháttum og hagsmunagæslu.

Hagsmunabaráttan er víða og miðað við umræðu um miðhálandið þá er ljóst að ýmsir aðilar vilja stýra og stjórna því sem fram fer innan sveitarfélagsins á Hrunamannaafretti. Við höfum verið að vinna í að stofna lóðir utan um mannvirki Hrunamannahrepps á afréttinum sem maður hefði haldið að væri nú sjálfsagt mál en það er ljóst að ýmsir líta á það með öðrum augum. Manni sýnist helst að „orrustan“ um miðhálandið sé hafin sem kemur á óvart þar sem flest er þar nú í föstum skorðum og ekki gert ráð fyrir neinum verulegum breytingum af hálfu sveitarfélagsins og ástand afréttarins sífellt að færast í betra horf.

Það á eflaust eftir að gera grín að því að maður sé alltaf að tala um úrgangsmál í þessu pistli en áfram þrjúskast ég. Staðreyndin er sú að þessi málaflokkur er umhverfislega og kostnaðarlega að verða stærri og stærri þáttur í rekstri sveitarfélagsins. Maður hefur orðið var við óánægju með ýmislegt í þessum málaflokki í sumar og eflaust sumt með réttu því sumir hlutir hafa gengið hægar en maður hefði viljað. Staðreyndin er samt sú að kostnaður við málaflokkinn er sífellt að aukast og núna þurfum við að hækka útgjöld um 5,5 millj. með viðauka við fjárhagsáætlun núna í haust.

Það liggur síðan fyrir að ríkið er að stefna að því að setja lagalega flokkunarskyldu á alla, eins og við erum að gera í nýjum samþykktum sem vonandi taka gildi á næstu vikum. Þá er ríkið einnig að stefna að urðunarsköttum sem hækka enn sorpeyðingarkostnað nema önnur úrræði komi til. Við þurfum því að endurskoða ýmislegt mjög fljótlega í þessum málaflokki hjá okkur.

Sveitarfélagið hefur samþykkt að verða þátttakandi í vinnu við samþykkt um loftlagsmál og heimsmarkmiðin og tengjast þau mál m.a. loftlagsmálum, úrgangsmálum o.fl sem samtíðin þarf að bregðast við. Það skiptir máli að við séum gerendur í því að bæta okkur til að komandi kynslóðir þurfi að hafa minni áhyggjur af framtíðinni.

Varðandi framtíðina þá er alltaf gaman þegar ný hús rísa í sveitarfélaginu. Hrafnkelsstaðir 1A varð til í sumar og er það enn eitt dæmið um að það að bæjartorfur í sveitarfélaginu eru að eflast. Það kemur sér líka vel að fjölga bæjum á Hrafnkelsstöðum út af réttarsamkomum á torfunni þannig að enginn þurfi að verða útundan!!!

Nú heldur vinna við Heilsueflandi samfélag áfram og er Gunnar ráðgjafi mættur eftir sumarfrí. Þetta er spennandi verkefni og kemur síðan sterkt inn í pælingar varðandi næstu framkvæmdir sveitarfélagsins og fjárhagsáætlun næsta árs. Þetta verkefni gengur bæði út á stærri og minni hluti sem sveitarfélagið getur gert en við þurfum samt að muna að heilsuefling í sjálfu sér er í grunninn tilkomin hjá okkur sjálfum

Að lokum vil ég minna á að nú með haustinu fer starfssemi félagssamtaka í sveitarfélaginu að fara af stað og vil ég hvetja alla til að notfæra sér þá þjónustu sem boðið er upp á. Bæði getur það verið í formi heilsueflingar eða líka á þann hátt að maður er manns gaman.

Njótum síðan haustsins saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

## ***Skrifstofa Hrunamannahrepps.***

***Opnunartími .***

***Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00***

***Föstudaga: 09:00-12:00***

**Sími: 480-6600**



Hrunamannahreppur



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband  
Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabil 773-1626

# Nesfrakt

## Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Ég kem ekki til með að auglýsa fasta tíma, en alltaf er hægt að hringja og panta tíma hjá mér.

**Tímapantanir í síma: 863 0433.**

Allir velkomnir  
Með kveðju



Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur

## Gámasvæðið á Flúðum!! Munið opnunartímann.

Opið frá kl: 13:00-18:00 alla daga

Ef einhver þarf nauðsynlega að losa úrgang á öðrum tímum er hægt að hafa samband við Skrifstofu Hrunamannahrepps í síma: 480 6600 og finna tíma.



### Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

## Haustlitir

## Ljósmyndasamkeppni

## Hrunamannahrepps

## 1. september 2019 - 31. október 2019

## Nánar á [www.fludir.is/haustlitir](http://www.fludir.is/haustlitir)

## Autumn colors

## Hrunamannahreppur's

## Photography contest

## September 1<sup>st</sup> 2019 - October 31<sup>st</sup> 2019

## Visit [www.fludir.is/haustlitir](http://www.fludir.is/haustlitir)



Hrunamannahreppur





Nokkrar myndir af verðlaunahöfum í  
bridds frá í vor.

### **Bridds fréttir..**

Byrjum þriðjudaginn 1. október á slaginu  
19:30 í félagsheimilinu. Fyrstu tvö kvöldin  
verður upphitunar tvímenningur, og svo  
verður einmenningur, síðan tekur haust  
tvímenningurinn við. Þeir sem eru  
áhugasamir um að læra og fá kennslu, þá er  
um að gera að hafa samband við mig,  
Valdimar Stefán í síma 8980370 eða á  
póstfangið stresskowhotmail.com Fyrir  
hönd briddsklúbbs Hrunamanna, Valdimar  
Stefán

## NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -  
facebook.com/NG ehf



### Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitaeki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á [slökkvitaeki@babubabu.is](mailto:slökkvitaeki@babubabu.is)



# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

# Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is)

[s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)

866-9035



## Félag eldri Hrunamanna 60+

Nú líður að því að félagarnir fari að koma saman eftir flott sumarfrí.

Mig langar að hvetja alla 60+ að koma í félagið okkar og styðja við gott starf sem unnið er á vegum félagsins og er margt í boði. Í Heimalandi eða kjallaranum sem við köllum svo, þar komum við saman á þriðjudögum, spjöllum, spilum, gerum handverk ofl. svo ekki sé minnst á kaffi og meðlæti.

En starfið er fjölbreytt hjá félaginu, það er kór, farið í leikhús bæði til Reykjavíkur og nærliggjandi sveitarfélaga.

Við stundum sundleikfimi og leikfimi í íþróttahúsinu og varð margur sprækari við það. Höfum opið hús í Félagsheimilinu einu sinni í mánuði með ýmsum fróðleik og skemmtunum og að sjálfsögu kaffi og meðlæti.

Förum í skoðunarferðir á einkabílum, lestrarklúbbar og gönguferðir á sumrin. Þetta allt er til þess að fólk komi saman og hittist og rjúfi einangrun sem oft er talað um í samfélaginu.

Við höldum árshátíð og kórinn Tvennir tímar halda tónleika. Ég veit þegar maður verður 60+ þá finnst fólki það ekki vera gamalt sem er rétt, en trúið mér tíminn líður svo hratt og þegar þar að kemur þá er nú gott að geta komið og gert sér glaðan dag. Ég skora á 60+ að gerast styrktaraðilar og líka þeir sem yngri eru, það eru nokkrir yngri félagar sem styrkja okkur.

Þetta eru ekki stórar upphæðir á ári en margt smátt gerir okkur kleift að lifa lífinu lifandi. Fyrsta samverustundin í kjallaranum verður 1. okt kl. 13 og vonumst við til að sjá sem flesta og að þetta verði góður og fjörugur vetur.

Fyrir hönd stjórnar  
Magga Emils formaður.

## Söngfuglar.

Kirkjukórinn byrjar sína starfsemi 19. sept, en þá er fyrsta æfingin í Félagsheimilinu og byrjar kl 20:00.

ATHUGIÐ breyttan æfingatíma!!

Við tökum vel á móti nýju fólki, alltaf eitthvað spennandi framundan og „gigg“ í hverjum mánuði í kirkjunum okkar.

Fínt að heyra í stjórnandanum áður og spá í hvaða rödd viðkomandi syngur ☺

Stefán s: 615 2920



Í stjórn eru: Magga, Sírý og Gussi.

**Samkaup** **strax**

### Flúðum

**Opnunartími 2019**

**Mánudaga til föstudaga: 09:00-20:00**

**Laugardaga : 10:00-20:00**

**Sunnudaga: 10:00-20:00**

**Verið velkomin**

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum

Sími: 486 6633

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting –

Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599





Öll almenn smíðavinna,  
nýsmíði, viðhald og viðgerðir  
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499



RAFMAGNSVERKSTÆÐI  
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU  
OG HÖNNUN  
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON  
893-7101  
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM  
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON  
899-9554  
ROBBIRAF@SIMNET.IS

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

# 80

## STAÐIR

UM LAND ALLT



# EIMSKIP

Flytjandi



## ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

**EIMSKIP**  
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



# Litla Melabúðin

## FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00  
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr  
heimabyggð.

Locally grown  
Locally owned

### Beint frá býli

Grænmeti, kryddjurtir, holdanautakjöt, eldisilungur, heimagerðar sultur og flatkökur, Arna laktósafríar mjólkurvörur og margt fleira.

Vegetables, herbs, Angus beef, brown trout, homemade jams and flatbreads, Arna lactose free dairy and variety of other products.

Melum, Flóðum  
Hrunamannshrepp

@litlamelabudin  
www.facebook.com/litlamelabudin/





## Félag eldri borgara 60+

Nú er komið að því að liðka sig eftir sumarið og taka á góðir félagar.

Leikfimi í íþróttahúsinu

**fimmtudag 19.september kl: 14:50**

Vatnsleikfimi í sundlauginni miðvikudaginn  
25. september kl: 16:20.

**MÆTUM OG GERUM VEL VIÐ  
KROPPINN og SÁLINA.**



## Tvönnir tímar hefja vetrarstarfið

Söngsveitin Tvönnir tímar, kór eldra fólks í Uppsveitum Árnessýslu mun hefja vetrarstarfið fimmtudaginn 19.september. Æft verður einu sinni í viku í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum frá kl 13.00 til kl. 14.20

Söngstjóri er Stefán Þorleifsson. Markmið kórsins er að efla sönglíf meðal eldra fólks og eiga góðar samverustundir. Allir sem hafa yndi af að syngja eru hvattir til að koma og starfa með kórnum og tókum við nýjum félögum fagnandi. Nánari upplýsingar veitir Magnús H Sigurðsson í síma 862-3674.





## **KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA**

**September**

**Mánudaga – fimmtudaga frá kl. 17.00 – 21.30**

**Föstudaga – sunnudaga frá kl. 11.00 – 21.30**

<http://kaffisel.is>

Facebook: Kaffi-Sel

Tel. 486-6454 – [info@kaffisel.is](mailto:info@kaffisel.is)





## HRUNAPRESTAKALL

# Kirkjuskóli og hversdagsmessur á meðal nýmæla í helgihaldinu

Kæru sveitungar.

Að afloknu góðu sumri fer kirkjustarfið senn af stað. Kirkjuskóli, hversdagsmessur og ættjarðarlagamessa eru á meðal nýjunga í helgihaldinu á komandi vetri. Boðið verður upp á kirkjuskóla fyrir yngsta aldurshópinn fjóra laugardaga í september og október klukkan 11. Kirkjuskólinn verður starfræktur í Hrepphólakirkju og fyrsta samveran verður laugardaginn 21. september og síðan næstu þrjá laugardaga í framhaldinu. Fjölskylduguðsþjónusta sunnudaginn 20. október markar lok kirkjuskólans sem verður í umsjá Jónu Heiðísar Guðmundsdóttur, djáknakandídat, og sóknarprests.

### Hversdagsmessur á fimmtudagskvöldum

Þá verða hversdagsmessur haldnar í öllum kirkjum prestakallsins nokkur fimmtudagskvöld í vetur kl. 20 en í þeim er ætlunin að brjóta hefðbundið messuform upp og bjóða upp á þægilega umgjörð þar sem fléttast saman orð, bæn og fallegur söngur. Fyrsta hversdagsmessan verður í Stóra-Núpskirkju fimmtudagskvöldið 17. nóvember. Ættjarðarlagamessa mun einnig prýða dagskrá helgihaldsins í vetur ásamt dægurlagamessu og kvöldmessu með létrri tónlist.

### Fermingarstörfin rúlla af stað

Fermingarstörfin hófust í ágústlok með fundi með foreldrum og væntanlegum fermingarbörnum og svo þátttöku þeirra í uppskerumessunni 31. ágúst sl. Fermingarfræðslutímarnir verða að venju á mánudögum í október og nóvember kl. 15-17 í safnaðarheimilinu í Hruna.

### Takið frá pláss á ísskápnum!

Dagskrá helgihaldsins í kirkjunum okkar verður að venju dreift í öll hús í prestakallinu um miðjan september og er þess vænst að hún fái sitt fasta pláss á ísskáp heimilisins eða minnistöflu. Viðburði og helstu fréttir úr kirkjustarfinu má finna á fésbókarsíðu prestakallsins, [facebook.com/hrunaprestakall](https://www.facebook.com/hrunaprestakall) og á heimasíðunni [hruni.is](http://hruni.is).

Með ósk um gleðilega réttardaga og gott haust!

*Óskar Hafsteinn Óskarsson  
sóknarprestur*